

Hverfisráð Breiðholts

Árið 2014, þriðjudaginn 21. október kl. 16:15, var haldinn 104. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, G-sal. Mætt voru Nichole Leigh Mosty formaður, Aðalheiður Franzdóttir, Sigbór Ágústsson og Sigmundur Þórir Jónsson. Jórunn Pála Jónsdóttir og Kristján Guðmundsson varamaður hennar boðuðu forföll. Áheyrnarfulltrúi: Rafn Einarsson. Aðrir fulltrúar og starfsmenn: Helgi Kristófersson fyrir Íbúasamtökin Betra Breiðholt, Fannar Freyr Eggertsson og Snorri Freyr Vignisson úr Ungmennaráði Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir fundarlið nr. 1 var Þórdís Lilja Gísladóttir.

Petta gerðist:

Fulltrúar á fundinum kynntu sig. Viðveru fulltrúa frá ungmennaráði var sérstaklega fagnað. Fannar og Snorri kynntu sig og sögðu stuttlega frá starfi og tilgangi ungmennaráðs Breiðholts. Þá var gengið til dagskrár.

1. Kynning á frístundum og nýtingu frístundakorts í Breiðholti
Þórdís Lilja Gísladóttir, verkefnastjóri frístunda og félagsauðs á Þjónustumiðstöð Breiðholts, kynnti mikilvægi hreyfingar, uppruna og tilgang frístundakortsins í Reykjavík og nýtingu kortsins í Breiðholti. Fram kom að nýting á frístundakortinu er nokkuð minni í Breiðholti heldur en í öðrum hverfum borgarinnar. Rætt var almennt um frístundakortið og nýtingu þess í hverfinu.
Samþykkt að bjóða fulltrúum félaga með aðild að frístundakortinu í Breiðholti og fulltrúa frá skóla- og frístundasviði á næsta fund hverfisráðs til að ræða kynningarmál og mögulegar lausnir til að auka nýtingu frístundakortsins í hverfinu. Næsti fundur hverfisráðs verði að mestu helgaður vinnu við frístundakortið.
2. Betri hverfi
Umræðu frestað til næsta fundar.
3. Heimsókn í FabLab
Fulltrúar í hverfisráði heimsóttu FabLab í Eddufelli. Þar tók Stefanía Kristinsdóttir, verkefnastjóri Menntunar núna, á móti fulltrúum og fræddi þá um starfsemina.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18.00.

Aðalheiður Franzdóttir
Sigmundur Þórir Jónsson

Nichole Leigh Mosty

Sigbór Ágústsson